

Þriðjudagurinn 9. maí 2000

141. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 17/2000

Kvörtun Iðnvéla ehf. yfir viðskiptaháttum Merkúrs ehf.

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 23. apríl 1999, frá Þorsteini Einarssyni hdl. fyrir hönd Iðnvéla ehf. Í erindinu er kvartað yfir viðskiptaháttum Merkúrs ehf. sem taldir eru brjóta gegn ákvæðum 17., 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Málavextir eru þeir að Iðnvélar hafa um árabil haft einkaumboð fyrir trésmíðavélar frá ítalska fyrirtækinu SCM S.p.A. Í erindinu segir:

„Á árinu 1997 hóf Merkúr ehf. samkeppni við umbj. minn um sölu á vélum frá SCM S.p.A. hér á landi. Merkúr ehf. hefur átt í samstarfi við danskan aðila, Ludvig M. Larsen, sem hefur umboð fyrir vélar frá SCM S.p.A. í Danmörku, um sölu þeirra véla hér á landi. Eins og áður greinir hefur umbjóðandi minn einkaumboð til sölu véla frá SCM S.p.A. hér á landi og eru því tilburðir Merkúr ehf. í samstarfi við Ludvig M. Larsen í andstöðu við vilja framleiðanda vélanna á Ítalíu.“

Fram kemur í erindinu að Merkúr hafi með markaðssetningu sinni skaðað Iðnvélar m.a. með röngum upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins, undirboðum og óhæfilegri notkun á kaupbæti. Starfsmenn Merkúrs hafi vakið vantraust viðskiptavina á starfsemi Iðnvéla og m.a. fullyrt við væntanlega kaupendur að fyrirtækið væri að missa umboðið fyrir SCM og að Merkúr tæki við því. Því væri óráðlegt að kaupa vélar af Iðnvélum þar sem fyrirtækið kæmi ekki til með að geta sinnt viðgerðar- og varahlutaþjónustu. Þá hafi starfsmenn Merkúrs leitað til viðskiptamanna Iðnvéla með undirboð og boðið afslætti af óskyldum vörum ef um kaup semdist við Merkúr. Tilgangur Merkúrs sé að ná af Iðnvélum umboði fyrir vélar frá SCM. Jafnframt segir í erindinu:

„Fullyrðingar starfsmanna Merkúrs ehf. um að umbj. minn hafi misst eða sé að missa umboð fyrir SCM S.p.A. hér á landi eru rangar og vísar umbj. minn um það m.a. til... símbréfa SCM S.p.A. til Iðnvéla ehf. dags. 23. september 1997 og til Ludvig M. Larsen í Danmörku dags. 9. desember 1997. Fyrrgreindar fullyrðingar virðast aðeins fram settar í því skyni að skaða samkeppnisstöðu umbj. míns og telur umbj. minn að vegna ólögðra aðferða Merkúr ehf. hafi hann orðið fyrir umtalsverðu tjóni.“

Til stuðnings fullyrðingum Iðnvéla um viðskiptahætti Merkúr fylgdu erindinu yfirlýsingar frá þremur fyrirtækjum, Valsmíði ehf., Selósi ehf. og Trésmiðju Salvars Guðmundssonar. Í yfirlýsingu Valsmíði, sem dagsett er í janúar 1999, segir:

„Árið 1997 heimsóttu forstjóri og sölumenn Merkúrs ehf., fyrirtækið Valsmíði ehf., Akureyri. Í þeirri heimsókn fullyrtu fyrrgreindir starfsmenn Merkúr ehf., að það félag væri orðið umboðsaðili fyrir SCM S.p.A. á Ítalíu. Þegar forsvarsmáður Valsmíði gekk eftir nánari skýringum viðurkenndu starfsmenn Merkúr ehf. að fyrirtækið væri ekki orðið umboðsaðili fyrir SCM S.p.A., en það væri verið að vinna að því.“

Í yfirlýsingu Selóss, sem dagsett er 8. apríl 1999, segir m.a.:

„Um áramótin 1997–1998 var fyrirtækið Selós að athuga með kaup á þykktarslípivél... af Iðnvélum ehf. Á þeim tíma bauð fyrirtækið Merkúr ehf., samskonar vél nýja, sem flutt var til Íslands frá Danmörku. Fyrirtækið Merkúr ehf. fullyrti, að vél sú sem þeir voru að bjóða væri fullkomlega sambærileg að útbúnaði við vél þá sem boðin var af Iðnvélum ehf. Merkúr ehf. bauð mun lægra verð á vél sem átti að uppfylla sömu kröfur, ásamt að bjóða sömu þjónustu og Iðnvélar ehf. og ásamt því að gefa í skyn að fyrirtækið Merkúr myndi taka við sem umboðsmenn fyrir framleiðanda vélarinnar þ.e. SCM S.p.A. á Ítalíu. Niðurstaðan varð því sú að keypt var vélin af Merkúr ehf. Síðar kom svo í ljós að vélin uppfyllti ekki þau skilyrði sem lofað hafði verið að hún gerði, ásamt því að fyrirtækið Merkúr ehf. gat ekki boðið þá þjónustu sem lofað hafði verið. Endanlega neyddist Selós ehf. því til að kaupa aðra vél af Iðnvélum ehf. til að geta leyst þau mál sem vélin frá Merkúr átti að gera.“

Í yfirlýsingu Trésmiðju Salvars Guðmundssonar, sem dagsett er 8. apríl 1999, segir:

„Í janúar 1998 átti Trésmiðja Salvars Guðmundssonar í viðræðum við Iðnvélar ehf. um kaup á vélum... frá fyrirtækinu SCM á Ítalíu. Trésmiðja Salvars leitaði jafnframt eftir tilboðum frá Merkúr ehf., um kaup á samskonar vélum og lyktaði málum þannig að Trésmiðja Salvars ehf. gerði kaup á vélum frá Merkúr ehf.

Ástæða þess að félagið samdi við Merkúr ehf. um kaup á vélunum var:

- 1. Merkúr bauð lækkun á verði vélanna.*
- 2. Merkúr bauð jafnframt 10% afslátt af PN gluggafittings, til viðbótar þeim viðskiptakjörum sem fyrirtækið hafði hjá Merkúr ehf. ef gengið yrði til samninga um vélakaupin.“*

Til stuðnings því að Iðnvélar hafi ekki misst, eða séu að missa, umboðið fyrir SCM fylgdi erindinu einnig afrit símbréfs SCM til Iðnvéla, dags. 22. september 1997. Bréfið er svar við símbréfi Iðnvéla frá ágúst s.á. en afrit þess bréfs er ekki til. Í bréfi SCM segir að vegna misskilnings við Larsen hafi Iðnvélar orðið fyrir óþægindum. SCM hafi gengið í málið og að loforð hafi verið fengið frá Larsen þannig að engin bein truflun verði gagnvart Iðnvélum. Í símbréfi SCM til Larsens, dags. 9. desember 1997, segir:

„During our past correspondence on Iceland market we received your fax... dated 10-10-97 in which you clearly indicated the respect not to market SCM panel products in Iceland through Messrs. Merkur.

We have been acknowledged that in a recent private exhibition in Iceland Messrs. Merkur were showing... and that two men from Larsen were present too.

We regret to say that this is totally the contrary of what was assured and guaranteed by you.

We formally invite you to respect our agreement in order to avoid that upsetting situation like this might influence negatively our main co-operation in Denmark.“

II. Málsmeðferð

1.

Hinn 11. júní 1999 var erindi Iðnvéla sent Merkúr til umsagnar. Þann 26. júlí svarar Ólafur Garðarsson hrl. fyrir hönd fyrirtækisins. Þar er því hafnað að Merkúr hafi á nokkurn hátt brotið samkeppnislög. Merkúr hafi í samvinnu við SP smiðjuna í Keflavík flutt inn vélar frá ítalska fyrirtækinu SCM frá því í október 1997. Vélarnar hafi verið keyptar frá fyrirtækinu Ludvig M. Larsen AS sem sé stærsti vélasali í Danmörku. Sala danska fyrirtækisins á vélunum til Íslands hafi verið með samþykki framleiðanda vélanna á Ítalíu. Því er hafnað að Iðnvélar hafi einkaumboð á Íslandi fyrir vélar og tæki frá SCM enda heyri einkaumboð sögunni til. Þá hafi verið Merkúr að jafnaði verið nokkru hærra en það verið sem Iðnvélar hafi boðið. Merkúr telur ljóst að SCM hafi ekki verið ánægt með árangur Iðnvéla. Fram komi í bréfum frá Larsen að SCM hafi tjáð fyrirtækinu að ætlunin sé að hætta samvinnu við Iðnvélar frá jólum 1997.

Í bréfinu segir að yfirlýsingar fyrirtækja um vinnubrögð starfsmanna Merkúrs séu ljóslega samdar af kvartanda. Mótmælt er sem röngum þeim fullyrðingum sem þar koma fram. Um yfirlýsingu Valsmíði segir að forstjóri Merkúrs hafi sagt að fyrirtækið gæti boðið allar vélar frá SCM í gegnum Danmörku. Annað hafi ekki verið rétt. Um yfirlýsingu Trésmiðju Salvars Guðmundssonar segir að alkunna sé að fyrirtæki lækki verið til að ná til sín viðskiptum og ekkert sé við það að athuga. Ekki sé rétt að boðinn hafi verið afsláttur af gluggafittings til viðbótar fyrri viðskiptakjörum. Trésmiðjan sé með ágæt afsláttarkjör hjá Merkúr sem ekki hafi breyst hin síðari ár. Um yfirlýsingu Selóss segir m.a. í bréfinu:

„Það að Merkúr hf. hafi boðið sömu þjónustu og kærandi og ekki getað síðan staðið við boðið er að hluta til rétt. Skjólstæðingur minn bauð góða þjónustu í tengslum við vélakaupin án þess að bera hana á nokkurn hátt saman við þjónustu þá er kærandi kann að veita. Vegna óviðráðanlegra atvika gekk sú ætlun skjólstæðings míns ekki eftir í þessu ákveðna tilviki. Harmar skjólstæðingur minn þau málalok sem eiga sér sínar skýringar og hafði hann komið þeim á framfæri við bréfitara löngu áður en bréfið var ritað. Þessi staðreynd hefur hins vegar ekkert með samkeppnislög að gera. Skjólstæðingur minn lofaði Selós ehf. einfaldlega ákveðinni þjónustu sem hann gat síðan ekki vegna óviðráðanlegra atvika staðið við.

Í ljósi ofangreinds er því þar af leiðandi mótmælt harðlega að skjólstæðingur minn hafi á nokkurn hátt hagað sér í andstöðu við ákvæði samkeppnislaga gagnvart kæranda eða öðrum aðilum. Þvert á móti virðist kærandi hafa unnið að því að hindra samhliða innflutning skjólstæðings míns og þar með að bola honum út af markaðnum.“

Með bréfinu fylgdu afrit bréfaskrifta milli SCM, Larsen og SP smiðjunnar frá árinu 1997. Í þeim kemur m.a. fram að SCM heimilar Larsen fyrirtækinu að selja vélar til Íslands. Þá segir í bréfi Larsen til SP smiðjunnar að SCM hafi tjáð fyrirtækinu að það ráðgeri að hætta samvinnu við Iðnvélar um jól 1997. Í bréfi SCM til Merkúrs og Larsen, dags. 7. janúar 1999, segir að ekki sé ætlunin að stöðva sölu þeirra á Íslandi. Jafnframt segir að SCM hafi ekki nýlega sent bréf til Iðnvéla. Eina bréfið sem Iðnvélar geti vísað til sé frá árinu 1997 og því úrelt.

2.

Hinn 30. júlí 1999 var svar Merkúrs sent Iðnvélum til umsagnar. Svör fyrirtækisins eru dags. 10. og 14. september 1999. Í bréfinu frá 10. september segir að Iðnvélar hafi ítrekað kvartað við Larsen og SCM yfir aðferðum Merkúrs við kynningu og sölu á vélum SCM. Í bréfi frá 14. september segir að lögmaður Merkúrs fullyrði að: „*ekkert sé við viðskiptahætti Merkúrs ehf. að athuga og mótmæli hann jafnframt yfirlýsingum forsvarsmanna Valsmiði ehf., Trésmiðju Salvars Guðmundssonar og Selóss ehf. sem röngum. Eftir stendur hins vegar að lögmaður Merkúr ehf. hefur á engan hátt rökstutt né lagt fram gögn er styðja þá fullyrðingu hans að ekki sé mark takandi á yfirlýsingum fyrrgreindra aðila. Yfirlýsingum fyrrgreindra aðila um viðskiptahætti Merkúrs hefur því ekki verið hnekkt og ber því að byggja á þeim við úrlausn málsins.“*

3.

Athugasemd lögmanns Merkúrs við bréf Iðnvéla er dags. 22. september. Hún hljóðar svo:

„Ég er ekki sammála túlkun lögm. Iðnvéla ehf. í bréfi hans á gildi yfirlýsinga þeirra aðila er Iðnvélar ehf. fengu til að undirrita þær. Umbj. minn hefur mótmælt meginhluta yfirlýsinganna og stendur því yfirlýsing gegn yfirlýsingu. Þá hefur sumt af því sem fram kemur í yfirlýsingunum ekkert erindi í mál af þessum toga eins og þegar hefur verið vikið að. Að öðru leyti geri ég ekki athugasemdir við bréfið.“

III. Bréf Samkeppnisstofnunar

Með bréfi, dags. 1. nóvember 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun lögmanni Iðnvéla afstöðu stofnunarinnar til kvörtunarinnar. Í bréfinu er reifað að samhliðainnflutningur á vörum til Íslands sé heimill og telji stofnunin ljóst að innflutningur Merkúrs á vélum frá SCM sé í samræmi við samkeppnislög. Ekki sé í erindi Iðnvéla sérstaklega tiltekið með hvaða hætti Merkúr hafi brotið gegn ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga og stofnunin fái ekki ráðið af gögnum málsins að um skaðleg áhrif á samkeppni sé að ræða. Þá sé að mati stofnunarinnar ekki um brot gegn ákvæði 20. gr. laganna að ræða. Hvað varði brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga þá hafi ekki verið sannað með óyggjandi hætti að starfsmenn Merkúr hafi gefið rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Samkeppnisstofnun taldi því, að svo stöddu, ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu. Jafnframt var Iðnvélum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þessa niðurstöðu. Málið yrði þá lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.

IV. Frekari málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun barst bréf frá Iðnvélum, dags. 10. nóvember 1999. Þar gerir fyrirtækið athugasemdir við niðurstöðu Samkeppnisstofnunar og krefst þess að málið verði lagt fyrir samkeppnisráð. Í bréfinu segir að enginn ágreiningur sé um að Merkúr, eða hvaða fyrirtæki sem er, hafi fullt frjálsræði til að kaupa samskonar vélar og Iðnvélar og selja á markaði á Íslandi. Fram hafi komið í málsskjöllum að af hálfu SCM séu engar hömlur settar á Larsen eða samstarfsaðila vegna sölu til Íslands. Þá hafi SP smiðjan og Merkúr fengið allar þær vélar sem óskað hafi verið eftir án athugasemda. Síðan segir:

„Eina athugasemdin sem gerð hefur verið við sölu Ludvig M. Larsen, Merkúr og samstarfsaðila er vegna sölu á vélum úr „Panel Division“ þar sem ljóst var að þær gerðir af vélum útheimtu mikla þekkingu og þjónustu og ljóst var að aðilar þessir höfðu enga möguleika á að þjóna þessum vélum á Íslandi. Þrátt fyrir þetta hafa Merkúr og samstarfsaðilar flutt inn og selt þessar gerðir af vélum og valdið skaða fyrir alla aðila...

Umkvartanir Iðnvéla ehf. sem óskað er að Samkeppnisstofnun taki afstöðu til, eru vinnubrögð fyrirtækjanna Merkúr ehf., SP smiðjunnar og Ludvig M Larsen. Þessi vinnubrögð voru tíunduð í upphaflega erindi okkar... “

Þá segir að ekki sé ástæða til að vefengja yfirlýsingar Selóss, Trésmiðju Salvars Guðmundssonar og Valsmiði. Yfirlýsingarnar eigi það sameiginlegt að Merkúr hafi notað áþekkar aðferðir til að ná sölu þ.e.:

„Merkúr fullyrðir að þjónusta sem er grundvallaratriði fyrir flóknar iðnaðarvélur sem þessar, sé og verði fyrir hendi og sé innifalin í verði í sama mæli og hjá Iðnvélum ehf. Þjóða ávallt lægra verð en Iðnvélar ehf. Fullyrða annað tveggja að Merkúr sé orðinn umboðsaðili eða verði það fljótlega og þess vegna sé ekki ráðlegt að eiga viðskipti við Iðnvélar ehf. Til viðbótar ofangreindu hefur Merkúr ehf. í það minnsta í einu, staðfestu, tilfelli boðið afslátt af óskyldum vöruflokki, ef gerð yrðu kaup á viðkomandi vél.“

Þá segir að hefði Merkúr tilkynnt að þjónusta væri ekki fyrir hendi og ekki væntanleg hefði ekkert orðið úr fyrrnefndum viðskiptum. Jafnframt er vísað til þriggja viðskiptavina Merkúrs; Taks ehf., Hit innréttinga og Byggingameistarans. Öll fyrirtækin hafi orðið fyrir skakkaföllum með vélar sökum þjónustuleysis Merkúrs og í öllum tilvikum hafi Iðnvélar tapað sölu. Þá segir í bréfinu:

„Niðurstaðan er því sú að Merkúr og samstarfsaðilar hafa stundað eftirfarandi aðferðir við sölustarfsemi sína:

- 1. Gefið rangar upplýsingar um stöðu mála gagnvart umþjóðanda Iðnvéla ehf. í því skyni að minnka traust viðskiptavinarins á Iðnvélum ehf.*
- 2. Gefið rangar upplýsingar um stöðu sína gagnvart SCM S.p.A., m.a. gefið í skyn að Merkúr ehf. og samstarfsaðilar væru um það bil að fá úthlutað einkaumboði fyrir Ísland.*
- 3. Gefið rangar upplýsingar um vélar þær sem boðnar voru, útbúnað og vinnslumöguleika í því skyni að koma í veg fyrir að viðskiptavinurinn verlaði hjá Iðnvélum ehf.*
- 4. Þjóða ávallt lægra verð en Iðnvélar ehf. buðu, í öllum tilfellum.*
- 5. Gefið rangar upplýsingar um þjónustustig Merkúr ehf., þ.e. að það væri til jafns við þjónustustig Iðnvéla ehf.*
- 6. Boðið viðskiptavinum afslátt af óskyldum vörutegundum í því skyni að tryggja sölu á viðkomandi vélum...*

Tilgangur Merkúrs ehf. og samstarfsaðila með þessum aðgerðum er að mati Iðnvéla ehf. ekki aðallega að stunda innflutning og sölu á vörum frá SCM S.p.A. Heldur er ljóst að aðaltilgangurinn er að koma í veg fyrir og spilla söluárangri Iðnvéla ehf. á vörum til að geta síðan myndað þrýsting á umbjóðanda Iðnvéla ehf., SCM S.p.A. um að skipta um umboðsaðila á Íslandi og afhenda umboðið til Ludvig M. Larsen í Danmörku en þeirra umboðsmenn á Íslandi eru fyrirtækin Merkúr ehf. og SP smiðjan ehf.“

2.

Bréf Iðnvéla var sent lögmanni Merkúrs til umsagnar. Svar hans er dags. 8. desember. Þar segir m.a.:

„Iðnvélar ehf. draga umkvartanir sínar saman... og kynna þar niðurstöður sínar í sex töluliðum. Telur fyrirtækið þær athafnir sem það lýsir í þessum töluliðum lýsa ákveðnu viðskiptasiðferði sem ekki er lýst nánar sem og að vera brot á samkeppnislögum. Þessu er mótmælt. Reyndar hefur... þegar reynt á flest þessara atriða hjá Samkeppnisstofnun. Viðbótin lýsir sér einkum í því að umbj. minn á að hafa boðið lægra verð en Iðnvélar ehf. „í öllum tilvikum“. Ekki er gerð tilraun til að rökstyðja þessa alhæfingu.

Umbj. minn hefur orðið af mörgum sölum vegna þess að hann hefur boðið vélar á hærra verði en Iðnvélar ehf... Vegna þessa nýja umkvörtunarefnis vill umbj. minn leyfa sér að efast um að það sé brot á samkeppnislögum að bjóða gott verð.“

Að lokum er því mótmælt að tilgangur Merkúrs með sölu á vörum frá SCM sé fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir og spilla söluárangri Iðnvéla til þess að fá að lokum einir umboðið. Í gögnum málsins megi sjá að ítalska fyrirtækið selur báðum aðilum vöruna og hyggst halda því áfram.

3.

Þann 21. mars 2000 sendi Samkeppnisstofnun lögmanni Iðnvéla bréf. Í bréfinu er vísað til þess að í erindi Iðnvéla hafi m.a. verið vísað til meintra brota Merkúrs á ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga. Í erindinu hafi ekki verið skilgreindur sá markaður sem við eigi. Samkeppnisstofnun telji að átt sé við markað fyrir trésmíðavélar á Íslandi. Til að leggja mat á stöðu Merkúrs var óskað eftir upplýsingum frá Iðnvélum um umfang markaðarins, stöðu Merkúrs

á honum sem og öðrum upplýsingum sem mættu verða til þess að varpa frekara ljósi á hann.

Svar barst, dags. 30. mars 2000, þar sem segir:

„...vill umbj. minn taka fram að kvörtun hans lítur ekki að því að Merkúr ehf. hafi markaðsráðandi stöðu á markaði með trésmíðavélar. Umbj. minn telur hins vegar að Merkúr ehf. hafi með aðferðum sínum... brotið gegn [ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga], enda hafi aðferðir félagsins augljóslega skaðleg áhrif á samkeppni eða eru a.m.k. til þess fallnar að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Umbj. minn áréttar sérstaklega að hann telur Merkúr ehf. hafa brotið gegn fyrrgreindu ákvæði með óhæfilegri notkun á kaupbæti. Þá áréttar umbj. minn að hann telur að Merkúr ehf. hafi með aðferðum sínum jafnframt m.a. brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga og vísar umbj. minn um þær aðferðir Merkúrs ehf. til kvörtunar hans...“

4.

Með bréfi, dags. 25. apríl 2000, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun væri lokið í máli þessu og málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

IV.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 9. maí 2000, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Tryggvi Axelsson.

1.

Af hálfu kvartanda í máli þessu, Iðnvéla, er því haldið fram að Merkúr hafi með markaðssetningu sinni á trésmíðavélum frá ítalska fyrirtækinu SCM skaðað Iðnvélar m.a. með röngum upplýsingum, undirboðum og óhæfilegri notkun á kaupbæti. Merkúr hafi þannig brotið gegn ákvæðum 17., 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

2.

Við athugun á því hvort Merkúr hafi brotið gegn ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga er nauðsynlegt að í upphafi sé skilgreindur sá markaður sem

við á. Skv. 4. gr. samkeppnislaga er markaður, sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Í erindi kvartanda er ekki skilgreindur, í skilningi samkeppnislaga, sá markaður sem við á. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til kvartanda var óskað upplýsinga frá Iðnvélum um markaðinn og var þar tekið fram að stofnunin teldi að átt væri við markaðinn fyrir trésmíðavélar á Íslandi. Þessu var ekki mótmælt af Iðnvélum.

Ekki liggja fyrir óyggjandi tölfræðilegar upplýsingar um stærð þessa markaðar. Til að meta markaðinn frekar og stöðu einstakra fyrirtækja á honum var einnig leitað upplýsinga frá Iðnvélum. Var þetta gert sökum þess að innan samkeppnisréttarins geta mismunandi sjónarmið átt við um hegðan markaðsráðandi fyrirtækis og fyrirtækis sem ekki hefur slíkan styrk. Þannig geta ýmsir viðskiptahættir og hegðun á markaði, sem telst eðlileg og samkeppnishvetjandi ef lítil fyrirtæki eiga í hlut, haft skaðleg áhrif á viðkomandi markaði ef um markaðsráðandi fyrirtæki er að ræða.

Í upplýsingum sem fengust frá lögmanni Iðnvéla kemur fram eingöngu fram sú skoðun að Merkúr hafi ekki markaðsráðandi stöðu á markaði með trésmíðavélar. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppnisstofnun hefur aflað eru það a.m.k. fjögur íslensk og tvö dönsk fyrirtæki sem flytja inn trésmíðavélar til Íslands. Stærst þessara fyrirtækja, og áþekk að stærð, eru Iðnvélar og Hegas með samtals um [...] ¹ markaðarins. Merkúr er nýjasta fyrirtækið á þessum markaði og hefur eingöngu um [...] ² markaðshlutdeild. Í ljósi þessa og miðað við hlutdeild annarra fyrirtækja á markaðnum er ljóst að Merkúr er ekki í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir trésmíðavélar á Íslandi.

Eins og fram hefur komið telja Iðnvélar að Merkúr hafi brotið gegn ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga annars vegar með óhæfilegri notkun kaupbætis og hins vegar með undirboðum.

Varðandi meint undirboð Merkúrs verður að horfa til þess að fyrirtækið er ekki markaðsráðandi. Almennt séð hefur það ekki skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga ef fyrirtæki sem hefur litla hlutdeild á markaði selur vöru eða þjónustu undir kostnaðarverði, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 51/1997, *Erindi Sporthallarinnar um undirverðlagningu*

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

hjá Sundlaug Kópavogs. Slíkt getur þvert á móti haft jákvæð áhrif á samkeppni, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem nýr aðili er að hasla sér völl á markaði. Þar fyrir utan telur samkeppnisráð að ekkert hafi komið fram í máli þessu sem sýni fram á að Merkúr hafi með óeðlilegum hætti undirboðið verð Iðnvéla á trésmíðavélum. Í ljósi þessa fær samkeppnisráð ekki séð að Merkúr hafi að þessu leyti farið gegn 17. gr. samkeppnislaga.

Til stuðnings því að Merkúr hafi viðhaft óhæfilega notkun á kaupbæti vísa Iðnvélar til yfirlýsingar Trésmíðju Salvars Guðmundssonar. Samkvæmt henni bauð Merkúr trésmíðjunni 10% afslátt af sk. gluggafittings (hjörum og gluggajárnum) ef af kaupum trésmíðavéla yrði. Trésmíðjan keypti vélar af Merkúr. Merkúr hefur mótmælt þessari yfirlýsingu sem rangri og tekur fram að engin breyting hafi átt sér stað á afsláttarkjörum trésmíðjunnar frá því að samningar voru gerðir um kaup viðkomandi véla. Orð stendur því gegn orði í þessu sambandi. Samkeppnisstofnun hefur aflað þeirra upplýsinga frá Trésmíðju Salvars Guðmundssonar að fyrirtækið hafi keypt vélar af Merkúr að andvirði um [...]³ kr. Samkvæmt upplýsingum trésmíðjunnar eru viðskipti hennar við Merkúr með sk. gluggafittings á bilinu [...]⁴ kr. á ári. Ef Merkúr hefur boðið 10% afslátt frá fyrra verði, yrði af kaupum á trésmíðavélum, er sú upphæð sem um ræðir á bilinu [...]⁵ kr. Í ljósi þessa og með hliðsjón af stöðu Merkúrs á markaðnum telur samkeppnisráð að ekki séu rök til að telja að slíkt tilvik geti fallið undir skilgreiningu á óhóflegri notkun á kaupbæti.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að Merkúr hafi ekki brotið gegn ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga.

3.

Í 20. gr. samkeppnislaga er fjallað um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga kemur fram að það sé eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs og dómstóla að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki.

Í erindi Iðnvéla er ekki tilgreint nákvæmlega hvaða aðgerðir eða athafnir Merkúrs hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur að helst komi til álita að átt sé við innflutning Merkúrs á trésmíðavélum frá SCM.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

Í upphaflegu erindi Iðnvéla er því haldið fram að sala Merkúr á trésmíðavélum frá SCM sé í andstöðu við vilja framleiðanda á Ítalíu. Iðnvélar bera þetta til baka eftir að athugasemdir Samkeppnisstofnunar voru sendar fyrirtækinu. Þá segja Iðnvélar að öllum sé frjálst að selja vélarnar en eingöngu hafi verið átt við ákveðna framleiðslulínu véla SCM. Samkeppnisráð tekur fram að samhliðainnflutningur á vörum til Íslands er heimill og í samræmi við samkeppnislög. Þá hefur Merkúr fengið allar vélar afhentar athugasemdalaust og hefur fyrirtækið sýnt fram á að ítalska fyrirtækinu er kunnugt um sölu þess á Íslandi. Jafnframt vísar samkeppnisráð til annars máls sem fjallað er um fyrir ráðinu *Aðgerðir Iðnvéla ehf. til að hindra samhliðainnflutning á trésmíðavélum frá SCM S.p.A. á Ítalíu.*

Að framangreindu leiðir að samkeppnisráð telur að Merkúr hafi ekki brotið gegn ákvæði 20. gr. samkeppnislaga.

4.

Í erindi Iðnvéla er einnig fjallað um meint brot Merkúrs á ákvæðum 21. greinar samkeppnislaga. Í 21. gr. laganna er m.a. fjallað um að óheimilt sé að veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vara. Þá skulu viðskiptaaðferðir m.a. ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála.

Kvartandi heldur því fram að starfsmenn Merkúrs hafi við markaðssetningu trésmíðavélanna gefið í skyn við væntanlega viðskiptavinum að Iðnvélar væru að missa umboð fyrir SCM vélar á Íslandi og að Merkúr myndi taka við umboðinu. Þessu til sönnunar leggja Iðnvélar fram yfirlýsingar frá þremur aðilum þar sem lýst er samskiptum þeirra við starfsmenn Merkúrs.

Merkúr neitar að mestu slíkum ásökunum en bendir engu að síður á að Merkúr hafi haft undir höndum bréf frá danska fyrirtækinu Larsen þar sem slíku er haldið fram. Þá hefur einnig komið fram að Merkúr hafði ekki slíkar upplýsingar beint frá framleiðanda vélanna, SCM.

Með tilliti til þeirra gagna sem fyrir liggja telur samkeppnisráð að telja verði að viðskiptaaðferðir Merkúrs hafi verið villandi gagnvart viðskiptavinum og ósanngjarnar gagnvart Iðnvélum. Merkúr hafi farið óvarlega í yfirlýsingum

sínum um að fyrirtækið væri að taka við umboði fyrir SCM trésmíðavélar án þess að hafa fyrir því fullvissu frá ítalska fyrirtækinu beint. Samkeppnisráð telur að fyrirtæki verði að gæta þess í viðskiptum að reyna ekki að hafa áhrif á viðskiptavini með villandi eða ósanngjörnum upplýsingum um keppinauta sína. Með vísan til þess sem hér hefur komið fram telur samkeppnisráð að Merkúr hafi gefið villandi upplýsingar um væntanlega stöðu þeirra og því brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

VI.

Ákvörðunarorð:

„Með yfirlýsingum Merkúrs ehf. á árunum 1997 og 1998 um að fyrirtækið væri að taka við umboði fyrir trésmíðavélar frá ítalska fyrirtækinu SCM S.p.A. braut fyrirtækið gegn 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“